



Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps - 568

FUNDARBOÐ

**568. fundur Sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps
verður haldinn Strandgötu 38, 21. janúar 2021 og hefst kl. 18:00.**

Dagskrá:

Almenn erindi

- 1. 2101471 - Erindi frá Grænfánanefnd Tálknafjarðarskóla**
Erindi frá Grænfánanefnd Tálknafjarðarskóla dags. 05.01.2021 varðandi flokkun á rusli.
- 2. 2101498 - Samningur um Áfangastaðastofu Vestfjarða**
Minnisblað Vestfjarðarstofu til sveitarfélaganna á Vestfjörðum dags. 13.01.2021 þar sem óskað er eftir heimild til handa stjórnar Vestfjarðarstofu/FV til að staðfesta samning við Atvinnuvega- og nýksöpunarráðuneytið um Áfangastaðastofu á Vestfjörðum. Jafnramt er lagt til að Áfangastofa á Vestfjörðum verði rekin sem deild innan Vestfjarðastofu og takið við verkefnum Markaðsstofu Vestfjarða.
- 3. 2010038 - Áætlun endurnýjuð Áfangastaðaáætlun Vestfjarða til umfjöllunar og samþykkis**
Mál frá 563. fundi sveitarstjórnar 12.11.2020.
- 4. 2101512 - Stafræn þróun kynningar fyrir sveitarfélög**
Tölvupóstur frá breytingastjóra stafrænnar þjónustu hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 24.11.2020 um þátttöku í stofnun miðlægs tækniteymis sem sinna mun innleiðingu rafrænna lausna, gagnauppbyggingu og tengingu gagna gagnvart öllum sveitarfélögum landins. Fram kemur kemur að árlegur kostnaður vegna þessa verði kr. 45.000.000,- sem skiptist á milli sveitarfélaga og er þar af árlegur hlutur Tálknafjarðarhrepps áætlaður kr. 235.000,-. Jafnframt er lögð fram kynning á verkefninu dags. 18.11.2020.
- 5. 2101522 - Persónuverndarstefna Tálknafjarðarhrepps**
Tillaga að persónuverndarstefnu Tálknafjarðarhrepps lögð fram til staðfestingar.
- 6. 1812022 - Vatn Beiðni um kaup á heitu vatni Allt í járnum**
Tölvupóstur frá Öllu í járnum ehf. dags. 15.11.2020 þar sem óskað er eftir því að erindi dags. 04.12.2018 varðandi kaup á heitu vatni verði tekið fyrir að nýju, en afgreiðslu þess var frestað á 535. fundi sveitarstjórnar 13.12.2018.
- 7. 2101527 - Vegagerð - umsókn**
Erindi frá Eignarhaldsfélaginu Sellátur ehf. dags. 15.01.2021 þar sem óskað er eftir því að Tálknafjarðarhreppur sendi umsókn um styrk til samgönguleiðar vegna vegar út að Sellátrum.



8. 2101523 - Girðing

Ódagsett erindi frá Torfa Elís Andrésyni vegna girðingar.

Til kynningar

9. 2011204 - Umsagnarbeiðni vegna breytingar á starfsleyfi Arnarlax

Erindi frá Skipulagsstofnun dags. 14.01.2021 þar sem tilkynnt er um ákvörðun Skiplagsstofnunar vegna breytingar á starfsleyfi Arnarlax í Patreksfirði og Tálknafirði.

10. 2101479 - Minnisblað um drög að jarðgangaáætlun Vestfjarða.

Minnisblað frá Vestfjarðarstofu dags. 08.01.2021 vegna jarðgangnaáæltunar Vestfjarða.

11. 2101492 - Hólsá skil á greinargerðum samkvæmt samningi um rekstur vatnshæðarmælis í Hólsá í Tálknafirði

Ódagsett minnisblað frá Veðurstofu Íslands vegna reksturs vantshæðarmælis í Hólsá í Tálknafirði 2018-2020.

12. 1809034 - Beiðni um rökstuðning

Bréf frá Umboðsmanni Alþingis dags. 30.12.2020 vegna kvörtunar Ingimundar Einars Grétarssonar á afgreiðslu Tálknafjaðrarhrepps um aðgang að gögnum máls sem varða starf sveitarstjóra. Með erindinu fylgir Álit setts umboðsmanns Alþingis í tilefni af kvörtunum sem varða upplýsingarétt aðila máls í ráðningarmálum dags. 30.12.2020. Í bréfinu kemur fram að umboðsmaður hafi ákveðið að ljúka athugun sinni vegna málsins en í staðinn ákveðið að fjalla með almennum hætti um upplýsingarétt umsækjenda um opinber störf.

13. 2101476 - Umsögn um viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015-2026

Umsögn Vestfjarðarstofu um viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015-2026 dags. 08.01.2021.

14. 2008124 - Beiðni upplýsingabeiðni um fjarskiptainnviði

Bréf frá Póst- og fjarskiptastofnun dags. 13.01.2021 varðandi upplýsingabeiðni um fjarskiptainnviði.

15. 2012441 - Covid 19 tillögur Velferðarvaktarinnar til ríkis og sveitarfélaga í mótvægiaðgerðum

Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 15.12.2020 þar sem kynntar eru tillögur Velferðarvaktarinnar dags. 07.12.2020 um tillögur til stjórnvalda, bæði ríkis og sveitarfélaga, í mótvægisaðgerðum vegna COVID-19 faraldursins.

16. 2012403 - Manntal og húsnæðistal 2021

Erindi frá Hagstofu Íslands dags. 27.11.2020 þar sem tilkynnt er um að Hagstofan undirbúi töku manntals og húsnæðistals 1. janúar 2021.

17. 2012424 - Til umsagnar frumvarp til laga um Hálendisþjóðgarð, 369. mál.

Erindi frá nefndasviði Alþingis dags. 15.12.2020 þar sem sent er til umsagnar frumvarp til laga um Hálendisþjóðgarð.

18. 2101521 - Upplýsingagjöf sveitarstjóra 2021



Minnisblað sveitarstjóra um stöðu verkefna verður lagt fram á fundinum.

Fundargerðir til kynningar

19. 2008190 - Fundargerðir 2020 samráðsnefndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps

Fundargerð 59. fundar Samráðsnefndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 17.12.2020.

20. 2003304 - Fundargerðir 2020 Vestfjarðarstofu

Fundargerðir 31. stjórnarfundar Vestfjarðarstofu sem fór fram 27.10.2020 og 32. stjórnarfundar Vestfjarðarstofu sem fór fram 16.12.2020. Jafnframt er Starfsáætlun Vestfjarðarstofu 2021 lögð fram.

21. 2101504 - Fundargerðir 2019-2020 samgöngunefndar

Fundargerðir funda stækkaðar samgöngunefndar Fjórðungssambands Vestfirðinga sem fóru fram 11.11.2020 og 16.12.2020.

22. 2002272 - Fundargerðir 2020 Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða

Fundargerð 131. fundar Heilbrigðisnefndar Vestfjarðarsvæðis sem fór fram 10.12.2020.

23. 2007039 - Hafnasambandsþing 2020

Þinggerð Hafnasambandsþings 2020 sem fór fram 27.11.2020 í netheimum.

24. 2001111 - Fundargerðir 2020 Hafnasamband

Fundargerðir 429. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands sem fór fram 26.11.2020 og 430. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands sem fór fram 11.12.2020.

25. 2002160 - Fundargerðir 2020 Samband íslenskra sveitarfélaga

Fundargerðir 891. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem fór fram 20.11.2020 og 892. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem fór fram 11.12.2020.

18.01.2021

Ólafur Þór Ólafsson, Sveitarstjóri.